

83 Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 100—1000 kr. Brot gegn lögum þess-
7. maí um skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 7. maí 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.
Ólafur Thors. Stefán Jón Stefánsson.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

84

7. maí

L Ö G

um tekjuöflun til íþróttasjóðs.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita íþróttanefnd leyfi til að reka veðmálastarfsemi í sambandi við íþróttakappleiki til ágóða fyrir íþróttasjóð. Nánari ákvæði um starfsemi þessa setur ríkisstjórnin, ef til kemur, með reglugerð.

2. gr.

Nú hefir íþróttanefnd fengið heimild til að reka veðmálastarfsemi samkv. 1. gr., og skal þá öllum öðrum óheimilt að reka slíka starfsemi, að viðlögðum sektum, er nema 500—3000 kr. og renna í íþróttasjóð.

3. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta sömu meðferð og almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. maí 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.
Ólafur Thors. Stefán Jón Stefánsson.
(L. S.)

Hermann Jónasson.